



Árlegt útboð fyrir landsdekkandi UHF dreifingu til minni sjónvarpsstöðva

Kæri viðtakandi.

Dagsetning: 09.04.2018

Efni: Fjarskipti hf óskar eftir umsóknum fyrir tímabundna landsdekkandi UHF dreifingu.

Árleg úthlutun til minni sjónvarpsstöðva

Samkvæmt sátt Sýn hf og Samkeppniseftirlits þann 09.10.2017 er veitt viljrði fyrir allt að þrjár UHF rásir og af þeim er möguleiki fyrir einni rás í opinni dreifingu án bindingu við myndlykil, svo kallað Free to Air þjónusta.

Framlag Sýn hf er ætlað fyrir minni sjónvarpsarpstöðvar sem standa í eigin dagskrágerð með innlendu fréttar og menningarefni. Með minni sjónvarpsstöð er átt við ljósvakamiðil sem er með ársveltu undir kr. 500.000.000,- m.vsk. á ári, ein og sér eða á samstæðugrundvelli, eftir því sem við á.

Í apríl ár hvert fram fram umsóknarferli vegna úthlutunar sjónvarpsrása frá og með 1.ágúst ár hvert, sem gildir 12 mánuði í senn. Umsækjendur sækja um dreifingu með skriflegri umsókn á bilinu 1.-30.apríl (skal móttekin í síðasta lagi 30.apríl).

Umsækjendur skulu bjóða í dreifinguna og er lágmarksboð neðangreint verð, öll boð verða opnuð samtímis við tímasetta athöfn þar sem umsækjendur geta verið viðstaddir, og verður hæstu boðum tekið, og gerður staðlaður dreifingarsamningur við viðkomandi aðila á grundvelli útboðs.

Á bilinu 1.-10.maí skal Sýn hf úthluta rásunum til umsækjanda sem buðu hæsta verðið. Kaupanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur dreifingarsamnings á grundvelli ofangreindrar úthlutunar án skriflegs samþykkis. Kaupandi þarf að uppfylla eðlilegar og sanngjarnar kröfur Sýn hf, t.d. er varðar greiðslur og vanefndir.

- A) Lágmarksboð fyrir 99% dreifingu í ólæstri dagskrá inn á myndlykil. Mánaðargjald kr. 240.000,- án vsk.
- B) Lágmarksboð fyrir 99% dreifingu í opinni dagskrá án myndlykils. Mánaðargjald kr. 735.000,- án vsk.

Umsókn fyrir ofangreint tímabil skal sent á heildsala@heildsala.is merkt „Tímabundin umsókn fyrir UHF“. Heildsala Vodafone svarar fyrir nánari upplýsingar um dreifikerfið og annað er fellur að umsókninni.

Virðingarfyllst.
Kjartan Briem
Framkvæmdastjóri Tæknisviðs Vodafone